

1872.

21. febrúar.

í 3. grein tæðrar tilskipunar, skuli byrja í öllum ömtum Íslands á manntalsþingum vorið 1873, þannig að heimitaður verði á þeim og framvegis á hinum árlegu manntalsþingum fyrst um sinn 1<sup>1</sup>/<sub>2</sub> sk. af hverju jarðarhundraði eftir hinni nýju jarðabók. Skulu hlutaðeigandi amtmenn fyrst um sinn hafa umráðin yfir fê því, er með þessu móti fæst, hver fyrir sitt amt, og árlega semja reikning yfir það, og senda hann dómsmálastjórninni.

Þetta skal hérmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálastjórninni, 21. dag febrúarmánaðar, 1872.

*Fr. Krieger.*

*Fr. Reinhardt.*

## 20. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt— 26. febrúar. mannsins og biskupsins á Íslandi, um breytingu á reglugjörð prestaskólans.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar er 19. p. m. allramildilegast fallizt á:

að reglugjörð, sem gilda á fyrst um sinn fyrir prestaskólann,

30. júlí 1850<sup>1</sup>, skuli breytt á þá leið,

að 5. grein verði svo látandi:

„Kennslunni skal þannig til haga, að henni verði aflokið á tveim árum; samt skal það ekki fyrirmunað þeim, sem æskja þess, að halda áfram námi sínu um lengri tíma“;

og að 6. grein verði alveg felld úr.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, útaf bréfi yðar, dagsettu 17. nóvbrm. f. á., yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það.

<sup>1</sup>) Lovsaml. for Island XIV, 537—548.